
STJÓRNARFUNDUR FORELDRA- OG HOLLVINAFÉLAGS ME, HALDINN 13. NÓVEMBER 2018 KL 16:30

Staðsetning: Fundarsalur ME.

Fundinn sátu: Björn Ingimarsson, Bergrún Arna Þorsteinsdóttir og Árni Ólason. Guðný Drífa Snæland boðaði forföll.

Bergrún Anna bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

1. Foreldravakt á síðustu tveimur böllum

Farið yfir fyrirkomulag foreldravaktar og mætingu m.m. Fram kom m.a. að mæting í foreldravakt á fyrsta ball var ágæt en lakari á seinna ballið.

2. Síðasta ball

Á síðasta balli var í fyrsta skipti viðhaft það fyrirkomulag að boðið var upp á lægra miðaverð til þeirra er kusu að taka þátt í edrúpottinum. Þátttaka var með meira móti en væntingar voru þó um að hún yrði meiri (60 af 200) en það er samróma mat að rétt sé að halda þessu fyrirkomulagi áfram.

3. Næsta ball

Næsta ball verður föstudaginn 7. desember og var ákveðið að senda út tilkynningu á foreldra tímanlega og síðan aftur viku fyrir ball. Rætt um að hafa verðmun meiri á blæstri og án. Ballið verður á efri hæðinni eins og síðast.

4. Önnur mál.

Árni gerði grein fyrir því að fulltrúar samtakanna 78 voru með kynningarfund í skólanum að kvöldi dags mánudagsins 12. nóvember.

Ákveðið að koma foreldralistanum á Guðnýju þannig að hægt verði að koma listanum í banka til innheimtu félagsgjalda.

Ákveðið að stefna á að halda næsta fund í febrúar 2019 og bjóða þá fulltrúa nemendafélagsins að mæta. Formaður mun boða fundinn í samráði við skólameistara.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:05.